

## Gistiskýrslur 2011

### *Tourist accommodation 2011*

#### *Samantekt*

Gistinætur voru rúmar 3,2 milljónir hér á landi árið 2011 og fjölgaði um 8,3% frá fyrra ári. Erlendir ríkisborgarar gistu flestar nætur, þ.e. 75% af heildarfjölda gistinátta, og fjölgaði um 14% milli ára. Gistinóttum Íslendinga fækkaði hinsvegar um 6%. Eins og mörg undanfarin ár gistu Þjóðverjar hér flestar nætur, þá Bretar og svo Bandaríkjamenn. Gistinóttum Bandaríkjamanna fjölgaði þó hlutfallslega mest í samanburði við árið 2010 eða um tæp 64%. Næstmest fjölgaði gistinóttum Asíubúa annarra en Japana og Kínverja (51%), þá Kanadamanna (50%) og loks Kínverja (45%). Gistinóttum Austurríkismanna fækkaði hlutfallslega mest frá fyrra ári eða um 22%, gistinóttum Dana um 5% og Belga 4%.

Flestar gistinætur voru á hótélum og gistiheimilum (70%), á tjaldsvæðum 15% og 6% á farfuglaheimilum. Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða nema svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum.

Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, en einnig varð fjölgun á Norðurlandi vestra, Suðurlandi og Vesturlandi. Á Austurlandi var fjöldi gistinátta svipaður milli ára. Gistinóttum fækkaði á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra.

#### **Inngangur**

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2011 var beðið um upplýsingar frá 828 gististöðum. Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Upplýsingar um gistirými sem liggja fyrir nýtast til að áætla gistinætur hjá stöðum sem ekki skila gögnum. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort þeir hafi gistileyfi. Hagstofan telur að gististaðir sem gætu verið vantaldir séu yfirleitt smáir heimagististaðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið og hafa óveruleg áhrif á heildarniðurstöður. Árið 2011 var gögnum safnað frá 153 heimagististöðum og eru þær gistinætur 2% af heildarfjölda gistinátta árið 2011.



## Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fjölgað um 8,3%

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 3.238.616 árið 2011 sem er 8,3% aukning frá árinu 2010 þegar gistinætur voru 2.991.015. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 2.435.561 eða 75% af heildarfjölda gistinátta árið 2011 og fjölgaði um 14% frá fyrra ári. Gistinætur Íslendinga voru 803.055 á síðasta ári og fækkaði um 6% samanborið við árið 2010. Þjóðverjar kaupa sem fyrr flestar gistinætur sem voru 416 þúsund á síðasta ári, fækkun um 2% frá árinu 2010. Gistinætur Breta voru næstflestar eða 296 þúsund sem er aukning um tæp 14% frá fyrra ári. Gistinætur Bandaríkjamanna voru 263 þúsund og gistinætur Frakka 214 þúsund. Gistinóttum Bandaríkjamanna fjölgaði mest frá fyrra ári eða um tæp 64%, gistinóttum íbúa annarra Asíulanda en Kína og Japan fjölgaði um 51%, gistinóttum Kanadamanna um 50% og Kínverja um 45%. Gistinóttum Austurríkismanna fækkaði hlutfallslega mest frá fyrra ári eða um 22%, gistinóttum Dana fækkaði um 5% og Belga um 4% (sjá töflu 6, bls. 18).

Sem fyrr eru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 43% af heildarfjölda árið 2011. Um 18% gistinátta voru á Suðurlandi og tæp 13% á Norðurlandi eystra. Gistinætur erlendra ríkisborgara eru flestar á höfuðborgarsvæðinu en gistinætur Íslendinga voru flestar á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest frá fyrra ári á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Þeim fjölgaði einnig á Norðurlandi vestra, Suðurlandi og Vesturlandi en fækkaði á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra. Gistinætur á Austurlandi voru svipaðar milli ára. (sjá töflu 4, bls. 16).

**Tafla 1. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2011\***

Table 1. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2011\*

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>Alls Total</b>	<b>3.238.616</b>	<b>803.055</b>	<b>2.435.561</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.406.960	155.052	1.251.908
Suðurnes <i>Southwest</i>	113.188	20.954	92.234
Vesturland <i>West</i>	225.756	115.191	110.565
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	101.534	44.134	57.400
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	123.549	63.877	59.672
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	405.733	157.428	248.305
Austurland <i>East</i>	293.393	64.177	229.216
Suðurland <i>South</i>	568.503	182.242	386.261


\* Sjá Íslandskort með landsvæðaskiptingu á bls. 15. See map of Iceland with regional division on page 15.

70% allra gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2011 voru 70% allra gistinátta á hótélum og gistiheimilum en 15% á tjaldsvæðum. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru 52% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum en 77% gistinátta útlendinga. Á hinn bóginn voru 34% gistinátta Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2011 en einungis 9% gistinátta erlendra ríkisborgara.

### Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2011

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2011



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

### Tafla 2. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2011


Table 2. Number of overnight stays by type of accommodation 2011

Gistinætur <i>Overnight stays</i>	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>Allar tegundir gististaða <i>All acc. establishments</i></b>	<b>3.238.616</b>	<b>803.055</b>	<b>2.435.561</b>
<b>Þar af <i>Thereof</i></b>			
Hótel og gistiheimili <i>Hotels and guesthouses</i>	2.280.324	413.892	1.866.432
Heimagististaðir <i>Private home accommodation</i>	66.175	15.091	51.084
Orlofshúsabyggðir <i>Holiday centres</i>	133.525	48.440	85.085
Farfuglaheimili <i>Youth hostels</i>	196.427	16.621	179.806
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping-bag facilities</i>	21.934	10.896	11.038
Tjaldsvæði <i>Camping sites</i>	479.402	272.101	207.301
Skálar í óbyggðum <i>Lodges in wilderness</i>	60.829	26.014	34.815

Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða nema svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest á heimagististöðum, um 22%, og um rúm 20% í orlofshúsabyggðum og skálum í óbyggðum. Gistinóttum á svefnpokagististöðum fækkaði um rúm 23% frá fyrra ári og á tjaldsvæðum um tæp 12% (sjá töflu 5, bls. 17).

### Mynd 2. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2011


Figure 2. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2011



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

### Mynd 3. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2011

Figure 3. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2011




Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

44% allra gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu


Árið 2011 var 44% allra gistinátta á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hlutfall var 40% árið 2010. Helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var jafnframt á höfuðborgarsvæðinu en 19% gistinátta Íslendinga. Umtalsverður munur er á vali áfangastaða eftir ríkisfangi. Langflestir Norðurlandabúar gistu t.d. á höfuðborgarsvæðinu, 73% af gistinóttum þeirra, en aðeins 9,5% á Suðurlandi. 42,5% gistinátta íbúa annarra Evrópuríkja voru á höfuðborgarsvæðinu en 18% á Suðurlandi. Gistinætur ferðamanna frá ríkjum utan Evrópu voru í 61,5% tilvika á höfuðborgarsvæðinu og 13% á Suðurlandi. Flestar gistinætur Íslendinga árið 2011 voru sem fyrr á Suðurlandi, 22% af heildarfjölda, en það er óbreytt hlutfall frá árinu 2010. Norðurland eystra var með 20% af gistinóttum Íslendinga á síðasta ári, 19% voru á höfuðborgarsvæðinu og 14% á Vesturlandi (sjá töflu 8, bls. 20).

**Mynd 4. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2011, allar gerðir gististaða**  
*Figure 4. Overnight stays of Icelanders by region 2011, all types of accommodation*



Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Mynd 5. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2011, allar gerðir gististaða**  
*Figure 5. Overnight stays of foreigners by region 2011, all types of accommodation*



Note: For English translation of regional division, see table 2.

#### Meðaldvalarlengd

Ferðamenn dvöldust að meðaltali 1,7 nætur á hverjum gististað árið 2011. Meðaldvalarlengd eftir tegundum gististaða og landsvæðum hefur lítið breyst undanfarin ár (sjá töflur 9 og 10, bls. 21–22).

#### 86% fjölgun gistinátta á 10 árum

Töluverð aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu 10 ár. Árið 2001 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 1.744.488 en árið 2011 voru þær 3.238.616. Heildarfjöldi gistinátta hefur því aukist um 86% á 10 árum, gistinóttum erlendra ríkisborgara hefur fjölgað um 106% á þessum 10 árum en gistinóttum Íslendinga hefur fjölgaði um 43%.

## Hótel og gistiheimili

12% fjölgun

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um ríflega 12% milli árána 2010 og 2011. Gistinætur voru 2.280.324 á árinu 2011, 247.136 fleiri en árið 2010. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru tæplega 82% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum. Gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um tæp 15% en gistinóttum Íslendinga um rúm 2%. Frá árinu 2010 hefur gistirými á hótélum og gistiheimilum aukist, herbergjum fjölgaði um 6,9% og rúmum um 5,9%.

**Tafla 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011**

Table 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2011


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>Alls Total</b>	<b>2.280.324</b>	<b>413.892</b>	<b>1.866.432</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.267.994	149.163	1.118.831
Suðurnes <i>Southwest</i>	100.591	18.578	82.013
Vesturland <i>West</i>	103.507	31.868	71.639
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	49.561	20.370	29.191
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	55.372	22.448	32.924
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	229.455	66.322	163.133
Austurland <i>East</i>	175.522	31.515	144.007
Suðurland <i>South</i>	298.322	73.628	224.694

56% gistinátta á  
Höfuðborgarsvæðinu

Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2011 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 56%. Á Suðurlandi voru 13% gistinátta, 10% á Norðurlandi eystra og 8% á Austurlandi. Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 27% milli ára á Suðurnesjum, á höfuðborgarsvæðinu um 16%, á Norðurlandi vestra um 12% og á Austurlandi um 11%. Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum um 9% og á Vesturlandi um 6% en á Norðurlandi eystra og á Vestfirðum fækkaði gistinóttum um 1% (sjá töflu 11, bls. 23).

**Mynd 6. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011**

Figure 6. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2011




Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Betri nýting herbergja**

Nýting herbergja og rúma hefur aukist frá fyrra ári, herbergjanýting var 46,1% á síðasta ári en 43,7% árið 2010. Nýting rúma var einnig betri, 37,6% í fyrra en 35,8% árið 2010 (sjá töflur 13 og 14, bls. 25–26).

**Mynd 7. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011**

Figure 7. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2011




Note: For English translation of regional division, see table 2.

**Heimtur um 90%**

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um og yfir 90% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými eru til fyrir alla staði í þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýmis og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

**Mynd 8. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011**

Figure 8. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2011



Note: For English translation of regional division, see table 2.

*Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?*

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótélþjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 70% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

## Hótél

*Gistinóttum á hótélum fjölga um 13,5%*


Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2011.

Gistinætur á hótélum voru 1.486.096 árið 2011 og fjölgaði um 13,5% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru um 82% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og fjölgaði um rúm 15% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga á hótélum fjölgaði á sama tíma um ríflega 6%. Hótelgistingum fjölgaði í öllum landshlutum milli ára, mest á höfuðborgarsvæðinu (17%). Á Suðurnesjum fjölgaði þeim um 16%, 9% á Austurlandi, 5% á Norðurlandi, 4% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfirjarða og um 3% á Suðurlandi.

Á sama tíma og gistinóttum á hótélum fjölga eykst framboð gistirýmis á hótélum. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótél var 83 árið 2011 og fjölgaði um tvo frá fyrra ári. Framboð herbergja hefur aukist um 5,6% og fjöldi rúma um 5,3% milli ára (sjá töflu 16, bls. 28).

## Mynd 9. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2011

Figure 9. Number of hotel rooms by region 2011




Note: For English translation of regional division, see table 2.



### Mynd 10. Gistinætur á hótélum eftir landsvæðum 2011

Figure 10. Overnight stays in hotels by region 2011



Note: For English translation of regional division, see table 2.


### Heimagististaðir

Aukning gistinátta um 22% á heimagististöðum

Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum. Gistinætur á heimagististöðum árið 2011 voru 66.175 samanborið við 54.248 árið 2010; 22% aukning á milli ára. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 77% af heildarfjölda gistinátta og jukust um tæp 29% frá fyrra ári á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um rúm 3%. Gistinóttum á heimagististöðum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum eða um 54%. Á Austurlandi fjölgaði gistinóttum um 38%, um 29% á Vesturlandi, 27% á Suðurlandi, 11% á Norðurlandi eystra og 4% á Norðurlandi vestra. Á Vestfjörðum fækkaði hinsvegar gistinóttum á heimagististöðum um tæp 5% samanborið við árið 2010. Gistirými í flokki heimagististaða jókst umtalsvert á milli ára og fjölgaði gististöðum úr 127 í 153 og rúmum úr 1.132 í 1.453, eða um rúm 28% (sjá töflu 17, bls. 29).

### Mynd 11. Gistinætur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2010

Figure 11. Overnight stays at private-home accommodations by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

## Orlofshúsabyggðir

20% fjölgun gistinátta í orlofshúsabyggðum


Gistinætur í orlofshúsabyggðum árið 2011 voru 133.525 og fjölgaði um rúm 20% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 64% af heildarfjölda gistinátta og jukust um tæp 24% frá fyrra ári á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um tæp 15%. Gistinóttum fjölgaði um rúm 40% á Norðurlandi og um 37% á Austurlandi. Á Suðurlandi og á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fjölgaði gistinóttum um tæp 7% samanborið við árið 2010 (sjá töflu 18, bls. 30).

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur hús-um. Einungis er átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki orlofshús fyrirtækja og félagasamtaka.

## Mynd 12. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2011

Figure 12. Overnight stays in holiday centres by region 2011



Note: For English translation of regional division, see table 2.


## Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 16% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 196.427 árið 2011 og jukust um 15,8% frá árinu á undan þegar þær voru 169.641. Gistinætur erlendra ríkisborgara vega sem fyrr þungt á farfuglaheimilum eða 92% af heildarfjölda árið 2011. Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði milli ára um 18,3% en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 5,6%. Fjölgun gistinátta milli ára má rekja til mikillar aukningar á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja en þar fjölgaði gistirýmum um 25% milli ára og gistinóttum um tæp 37%. Gistinóttum fjölgaði einnig á Austurlandi um 6,5% og á Suðurlandi um rúm prósent. Á öðrum landsvæðum fækkaði gistinóttum lítillega á milli ára (sjá töflu 19, bls. 31).

### Mynd 13. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2011

Figure 13. Overnight stays in youth hostels by region 2011



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Farfuglaheimili á landinu voru 36 á síðasta ári og fækkaði um eitt frá fyrra ári. Rúmum fjölgaði hinsvegar um 16,2%, voru 1.587 árið 2010 en 1.844 í fyrra.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða gistingu í rúmum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefnpoka.


### Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fækkar á svefnpokagististöðum

Gistinóttum á svefnpokagististöðum fækkaði um rúm 23% milli ára, voru 28.607 árið 2010 en 21.934 í fyrra. Fjölgun var hins vegar á Vestfjörðum, um 39%, og á Suðurlandi (10%). Í öðrum landshlutum fækkaði gistinóttum mikið á milli ára, um rúm 37% á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi, 33% á Austurlandi og um tæp 31% á Norðurlandi. Þá fækkaði gistinóttum erlendra ríkisborgara á svefnpokagististöðum mjög á milli ára eða um tæp 40%. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði hinsvegar um 6%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 45 árið 2011 eins og árið 2010 (sjá töflu 20, bls. 32).

### Mynd 14. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2011

Figure 14. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2011



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólfðýnum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppbúnum rúmum gistiheimilanna. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðslu er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

### Tjaldsvæði


Gistinóttum fækkar um 12% en tjaldsvæðum fjölga

Gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 479.402 árið 2011 en 543.948 árið 2010 og fækkaði því um 11,9% milli ára. Gistinóttum á tjaldsvæðum fækkaði á öllu landinu nema Norðurlandi vestra. Gistinætur Íslendinga voru 57% af heildarfjölda gistinátta en fækkaði samt um tæp 21% frá fyrra ári á sama tíma og gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 3%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fækkaði hlutfallslega mest á Vestfjörðum, um 31%, á Austurlandi um 26%, um tæp 17% á Norðurlandi eystra, 6% á Suðurlandi og um tæp 5% á Vesturlandi. Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum fækkaði gistinóttum um 1% en á Norðurlandi vestra fjölgaði hinsvegar gistinóttum á tjaldsvæðum um rúm 4% á milli ára.

Fjöldi tjaldsvæða, þar sem gjald er tekið fyrir gistingu, var 157 árið 2010 og fjölgaði um 8 frá fyrra ári. Tjaldsvæðum fjölgaði í öllum landshlutum nema á samantölum svæði höfuðborgar og Suðurnesja og á Vestfjörðum (sjá töflu 21, bls. 33).

### Mynd 15. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2011

Figure 15. Overnight stays in camping sites by region 2011



### Skálar í óbyggðum

20% aukning á milli ára

Gistinóttum í skálum í óbyggðum fjölgaði um rúm 20% milli ára, voru 60.829 í fyrra en 50.517 árið 2010. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um tæp 17% en gistinóttum útlendinga um rúm 23%. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálarnir eru, fjölgaði gistinóttum um 31%. Skálar í óbyggðum voru 50 árið 2011 eða tveimur fleiri en árið 2010 og bárust Hagstofunni skýrslur frá þeim flestum. Af þessum skálum voru 27 á Suðurlandi.


Til þessa flokks teljast eingöngu þeir gistiskálar þar sem innheimt er gjald fyrir gistingu.

Fjölgun gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði í skálum og á tjaldsvæðum, voru 101.727 árið 2010 en 89.744 árið 2010. Gistinóttum í óbyggðum fjölgaði því um rúm 13% milli ára (sjá töflu 22, bls. 34).

### Mynd 16. Gistinætur í skálum og tjaldsvæðum í óbyggðum 2010–2011

Figure 16. Overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2010–2011



## Um skýrslugerðina

*Framsetning gagna* Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gistiskýrslum fyrir síðastliðinn mánuð ber að skila inn í upphafi hvers mánaðar. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótelum en ekki fyrir aðra flokka gististaða.

*Heimtur* Skýrsluskil hafa verið góð frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimgistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Árið 2011 var um 14,9% af heildarfjölda gistinátta áætlaður en 14,5% árið 2010.

*Trúnaður* Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

*Áætlanir* Áætlaður fjöldi gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggður á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótelum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Áætlun gistinátta á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við rekstraraðila eða ferðamálafulltrúa, einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru tiltæk. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru einnig byggðar á samtölum, eldri upplýsingum og þróun gistinátta á sambærilegum tjaldsvæðum og skálum.


## English summary

In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2011. Results are presented by overnight stays, arrivals, average length of stay and occupancy rates by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 3.2 million in the year 2011, which is an 8.3% increase compared to the year 2010. Nights spent by foreign tourists accounted for 75% of the total number of overnight stays in 2011 and increased by 14% compared with previous year. At the same time overnight stays of Icelanders decreased by 6%. From 2010 to 2011 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments except for sleeping-bag facilities and camping sites.

## Svæðaskipting í skýrslunni

*Regional division in this report*



**Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta eftir landsvæðum 2010–2011, allar tegundir gististaða**  
 Table 4. Available accommodation and overnight stays by region 2010–2011, all types of accommodation

	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>2010</b>	<b>768</b>	<b>2.991.015</b>	<b>854.707</b>	<b>2.136.308</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	108	1.200.551	134.527	1.066.024
Suðurnes <i>Southwest</i>	15	92.222	19.246	72.976
Vesturland <i>West</i>	83	222.893	120.281	102.612
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	82	112.642	62.364	50.278
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	75	112.678	61.509	51.169
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	123	423.761	181.365	242.396
Austurland <i>East</i>	105	293.354	83.862	209.492
Suðurland <i>South</i>	177	532.914	191.553	341.361
<b>2011</b>	<b>828</b>	<b>3.238.616</b>	<b>803.055</b>	<b>2.435.561</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	120	1.406.960	155.052	1251908
Suðurnes <i>Southwest</i>	17	113.188	20.954	92234
Vesturland <i>West</i>	87	225.756	115.191	110565
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	83	101.534	44.134	57400
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	79	123.549	63.877	59672
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	136	405.733	157.428	248305
Austurland <i>East</i>	116	293.393	64.177	229216
Suðurland <i>South</i>	190	568.503	182.242	386261
<b>Breyting milli ára 2010–2011, %</b>				
<b>Change between 2010–2011, %</b>	<b>7,8</b>	<b>8,3</b>	<b>-6,0</b>	<b>14,0</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	11,1	17,2	15,3	17,4
Suðurnes <i>Southwest</i>	13,3	22,7	8,9	26,4
Vesturland <i>West</i>	4,8	1,3	-4,2	7,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	1,2	-9,9	-29,2	14,2
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	5,3	9,6	3,8	16,6
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	10,6	-4,3	-13,2	2,4
Austurland <i>East</i>	10,5	0,0	-23,5	9,4
Suðurland <i>South</i>	7,3	6,7	-4,9	13,2



**Tafla 5. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2007–2011**

Table 5. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2007–2011

	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2010–2011	2007–2011
<b>Allar tegundir gististaða</b>							
<i>All types of accommodation</i>	<b>2.662.394</b>	<b>2.735.989</b>	<b>2.999.959</b>	<b>2.991.015</b>	<b>3.238.616</b>	<b>8,3</b>	<b>21,6</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	777.256	793.291	870.384	854.707	803.055	-6	3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.885.138	1.942.698	2.129.575	2.136.308	2.435.561	14	29
<b>Hótel og gistiheimili</b>							
<i>Hotels and guesthouses</i>	<b>1.916.579</b>	<b>1.946.255</b>	<b>2.006.503</b>	<b>2.033.188</b>	<b>2.280.324</b>	<b>12,2</b>	<b>19,0</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	436.554	429.153	404.749	405.456	413.892	2,1	-5,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.480.025	1.517.102	1.601.754	1.627.732	1.866.432	14,7	26,1
<b>Heimagististaðir</b>							
<i>Private-home accommodation</i>	<b>42.665</b>	<b>43.412</b>	<b>53.271</b>	<b>54.248</b>	<b>66.175</b>	<b>22,0</b>	<b>55,1</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	12.847	13.197	15.252	14.602	15.091	3,3	17,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	29.818	30.215	38.019	39.646	51.084	28,9	71,3
<b>Orlofshúsabyggðir</b>							
<i>Holiday centres</i>	<b>95.710</b>	<b>96.536</b>	<b>113.571</b>	<b>110.866</b>	<b>133.525</b>	<b>20,4</b>	<b>39,5</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	42.740	38.582	46.549	42.153	48.440	14,9	13,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	52.970	57.954	67.022	68.713	85.085	23,8	60,6
<b>Farfuglaheimili</b>							
<i>Youth hostels</i>	<b>114.039</b>	<b>121.690</b>	<b>159.317</b>	<b>169.641</b>	<b>196.427</b>	<b>15,8</b>	<b>72,2</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	11.994	14.515	16.900	17.611	16.621	-5,6	38,6
Útlendingar <i>Foreigners</i>	102.045	107.175	142.417	152.030	179.806	18,3	76,2
<b>Svefnpokagististaðir</b>							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	<b>28.473</b>	<b>27.339</b>	<b>30.992</b>	<b>28.607</b>	<b>21.934</b>	<b>-23,3</b>	<b>-23,0</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	10.443	11.706	14.412	10.268	10.896	6,1	4,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	18.030	15.633	16.580	18.339	11.038	-39,8	-38,8
<b>Tjaldsvæði</b>							
<i>Camping sites</i>	<b>405.993</b>	<b>441.927</b>	<b>568.708</b>	<b>543.948</b>	<b>479.402</b>	<b>-11,9</b>	<b>18,1</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	232.071	255.513	340.180	342.347	272.101	-20,5	17,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	173.922	186.414	228.528	201.601	207.301	2,8	19,2
<b>Skálar í óbyggðum</b>							
<i>Lodges in the wilderness</i>	<b>58.935</b>	<b>58.830</b>	<b>67.597</b>	<b>50.517</b>	<b>60.829</b>	<b>20,4</b>	<b>3,2</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	30.607	30.625	32.342	22.270	26.014	16,8	-15,0
Útlendingar <i>Foreigners</i>	28.328	28.205	35.255	28.247	34.815	23,3	22,9

**Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2007–2011**

Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2007–2011

	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2010–2011	2007–2011
<b>Heildarfjöldi gistinátta</b>							
<b>Total number of overnight stays</b>	<b>2.644.745</b>	<b>2.735.989</b>	<b>2.999.959</b>	<b>2.991.015</b>	<b>3.238.616</b>	<b>8,3</b>	<b>22,5</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	776.572	793.291	870.384	854.707	803.055	-6,0	3,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.885.138	1.942.698	2.129.575	2.136.308	2.435.561	14,0	29,2
Danmörk <i>Denmark</i>	112.146	113.930	122.266	129.359	122.978	-4,9	9,7
Svíþjóð <i>Sweden</i>	103.274	98.815	98.890	88.720	103.014	16,1	-0,3
Noregur <i>Norway</i>	87.295	87.504	92.493	96.642	114.924	18,9	31,7
Finnland <i>Finland</i>	30.436	30.658	34.029	33.238	37.677	13,4	23,8
Bretland <i>U.K.</i>	268.467	272.349	278.604	261.104	296.579	13,6	10,5
Írland <i>Ireland</i>	11.393	12.601	11.081	10.460	10.078	-3,7	-11,5
Þýskaland <i>Germany</i>	307.748	334.841	395.881	425.100	416.428	-2,0	35,3
Holland <i>Netherlands</i>	102.125	118.054	118.597	116.548	127.252	9,2	24,6
Belgía <i>Belgium</i>	23.316	27.657	35.048	44.070	42.308	-4,0	81,5
Frakkland <i>France</i>	134.494	150.923	175.073	180.137	213.702	18,6	58,9
Sviss <i>Switzerland</i>	57.295	54.753	62.344	67.419	68.885	2,2	20,2
Austurríki <i>Austria</i>	25.289	30.615	40.115	41.156	32.151	-21,9	27,1
Ítalía <i>Italy</i>	74.401	73.835	88.020	66.523	86.562	30,1	16,3
Spánn <i>Spain</i>	63.139	70.699	84.635	68.095	89.396	31,3	41,6
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	97.121	106.478	106.152	117.547	138.097	17,5	42,2
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	148.651	135.725	144.437	160.477	262.672	63,7	76,7
Kanada <i>Canada</i>	24.687	30.627	35.608	40.681	60.922	49,8	146,8
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	3.519	4.806	4.758	4.496	6.329	40,8	79,9
Japan <i>Japan</i>	21.206	20.935	23.098	19.328	23.589	22,0	11,2
Kína <i>China</i>	16.750	10.094	11.118	9.453	13.725	45,2	-18,1
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	11.738	14.285	20.220	20.047	30.254	50,9	157,7
Afríka <i>Africa</i>	3.119	4.994	4.159	3.714	4.734	27,5	51,8
Eyjaálfa <i>Australia</i>	8.665	10.152	12.125	12.146	15.776	29,9	82,1
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	148.864	127.368	130.824	119.848	117.529	-1,9	-21,0
<b>Heildarfjöldi gestakoma</b>							
<b>Total number of arrivals</b>	<b>1.548.032</b>	<b>1.609.355</b>	<b>1.841.225</b>	<b>1.766.904</b>	<b>1.926.046</b>	<b>9,0</b>	<b>24,4</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	490.431	503.338	561.120	543.689	507.703	-6,6	3,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.057.601	1.106.017	1.280.105	1.223.215	1.418.343	16,0	34,1
Danmörk <i>Denmark</i>	58.092	60.813	64.988	65.146	61.551	-5,5	6,0
Svíþjóð <i>Sweden</i>	46.031	42.551	42.928	36.488	44.124	20,9	-4,1
Noregur <i>Norway</i>	38.888	38.121	40.569	42.069	50.303	19,6	29,4
Finnland <i>Finland</i>	13.341	12.552	15.207	13.513	15.191	12,4	13,9
Bretland <i>U.K.</i>	128.241	131.772	131.997	119.049	139.643	17,3	8,9
Írland <i>Ireland</i>	5.754	6.701	6.013	5.054	5.153	2,0	-10,4
Þýskaland <i>Germany</i>	184.432	204.591	253.578	269.616	263.413	-2,3	42,8
Holland <i>Netherlands</i>	65.718	74.832	77.165	68.458	77.072	12,6	17,3
Belgía <i>Belgium</i>	15.999	19.034	26.352	31.102	30.160	-3,0	88,5
Frakkland <i>France</i>	97.593	110.803	134.935	131.002	157.744	20,4	61,6
Sviss <i>Switzerland</i>	35.867	36.069	45.374	47.477	48.681	2,5	35,7
Austurríki <i>Austria</i>	17.524	20.614	29.275	29.036	22.190	-23,6	26,6
Ítalía <i>Italy</i>	56.574	55.172	69.344	50.313	65.762	30,7	16,2
Spánn <i>Spain</i>	44.931	51.465	65.178	49.288	65.523	32,9	45,8

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinguátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2007–2011 (frh.)  
 Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2007–2011 (cont.)

	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2010-2011	2007-2011
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	44.310	52.935	63.779	67.632	81.956	21,2	85,0
Bandaríkin U.S.A.	72.110	66.754	73.340	79.248	127.806	61,3	77,2
Kanada <i>Canada</i>	11.835	17.603	21.934	22.671	32.807	44,7	177,2
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	1.902	2.416	2.343	2.427	3.542	45,9	86,2
Japan <i>Japan</i>	10.797	11.205	12.454	9.842	12.683	28,9	17,5
Kína <i>China</i>	8.537	5.352	6.455	4.940	7.836	58,6	-8,2
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	5.481	7.740	12.677	12.717	19.971	57,0	264,4
Afríka <i>Africa</i>	1.356	2.219	1.960	2.086	2.322	11,3	71,2
Eyjaálfa <i>Australia</i>	4.666	5.978	6.588	6.831	8.580	25,6	83,9
Lönd áður ótalín/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	87.622	68.725	75.672	57.210	74.330	29,9	-15,2

Tafla 7. Gistinætur eftir tegund gistinguáða og ríkisfangi gesta 2010–2011  
 Table 7. Overnight stays by type of accommodation and citizenship of guests 2010–2011

	Alls <i>Total</i>	Hótel og gistiheimili <i>Hotels and guest- houses</i>	Heima- gististaðir <i>Private- accommo- dation</i>	Orlofs- húsa- byggðir <i>Holiday- house accommo- dation</i>	Farfugla- heimili <i>Youth hostels</i>	Svefnpoka- gististaðir <i>Sleeping bag accommo- dation</i>	Tjald- svæði <i>Camping sites</i>	Skálar í óbyggðum <i>Lodges in wilderness</i>
<b>2010, %</b>	<b>100,0</b>	<b>68,0</b>	<b>1,8</b>	<b>3,7</b>	<b>5,7</b>	<b>1,0</b>	<b>18,2</b>	<b>1,7</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	100,0	47,4	1,7	4,9	2,1	1,2	40,1	2,6
Útlendingar <i>Foreigners</i>	100,0	76,2	1,9	3,2	7,1	0,9	9,4	1,3
